

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 8. mars 2011 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgsreit, vegna lóðarinnar við Akurgerði 9.

Breytingin felst m.a. í að núverandi húsi er afmarkaður byggingarreitur á lóðinni. Gerður er nýr byggingarreitur fyrir bílageymslu, nýtingarlutfall hækkar úr 0,26 í 0,35 og leyfileg hámarkshæð byggingar frá botnplötu er 5 metrar. Leitast skal við að hafa útlit bílageymslu í samræmi við íbúðarhús.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 25. maí 2011.

Þorvaldur Vestmann framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2011